

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 18. september 2006 í máli nr. E-4160/2002:

Edda Óskarsdóttir

(Benedikt Ólafsson hdl.)

gegn

Húsfélaginu Fannborg 3, 5, 7 og 9

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Mál þetta var þingfest 4. desember 2002 og tekið til dóms 11. september sl. Stefnandi er Edda Óskarsdóttir, Löngubrekku 20, Kópavogi en stefndi er húsfélagið Fannborg 3, 5, 7 og 9, Kópavogi,

Stefnandi krefst þess að sér verði dæmdar 2.417.252 krónur með 4,5% ársvöxtum af 1.199.633 krónum frá 7. desember 1999 til 7. desember 2000 en af 2.417.252 krónum frá þeim degi til 9. mars 2005 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar án tillits til gjafsóknar sem henni var veitt í héraði.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu en til vara lækkunar á kröfum stefnanda. Í aðalkröfu er krafist málskostnaðar en í varakröfu að málskostnaður falli niður.

Mál þetta var upphaflega höfðað gegn stefnda, Kópavogsbæ, íslenska ríkinu og þremur öðrum húsfélögum. Með dómi héraðsdóms 9. júní 2005 var stefndi, íslenska ríkið og Kópavogsbær sýknuð af kröfum stefnanda en kröfum á hendur þremur húsfélögum vísað frá dómi. Málinu var áfrýjað hvað stefnda varðar en stefnandi undi dómi að öðru leyti. Með dómi Hæstaréttar 16. mars 2006 var dómur héraðsdóms ómerktur gagnvart stefnda og málinu heimvísað hvað hann varðar.

I.

Málsatvik eru þau að hinn 7. desember 1999 er stefnandi var að yfirgefa Heilsugæslustöðina í Kópavogi að Fannborg 7-9 á leið sinni í pósthúsið, sem þá var

handan byggingarinnar að Digranesvegi 9, rann hún til í hálfu á göngusvölum sem tilheyrir fasteigninni. Húsin nr. 3, 5, 7, og 9 við Fannborg í Kópavogi eru eitt fjöleignarhús í skilningi laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús og sérstakt húsfélag er starfrækt í húsinu. Heilsugæslan í Kópavogi er til húsa á 1. hæð að Fannborg 7-9 en á næstu hæðum fyrir ofan eru íbúðir í eigu einstaklinga. Það húsnæði sem starfsemi heilsugæslunnar er í eiga ríkið að 85 hundraðshlutum en Kópavogsbær að 15 hundraðshlutum. Frá inngangi heilsugæslunnar liggja göngusvalir meðfram húsinu til sitthvorra handa. Steyptur handriðsveggur er á göngusvölunum og aðskilur veggurinn þær frá bifreiðastæðum. Sérstök lýsing var ekki á göngusvölunum til suðurs, þá leið er stefnandi gekk, en einhverja birtu mun hafa gætt frá gluggum heilsugæslunnar.

Tilkynnt var um slysið til lögreglu kl. 10:17 en þá var samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands skýjað, frost 1,3 stig og jörð alþakin jafnfallinni lausamjöll. Nóttina áður hafði verið hiti en tekið að frysta undir morgun.

Nánar bar atvikið að með þeim hætti að stefnandi var í vinnu sinni þar sem hún hafði meðal annars þann starfa að fara í Búnaðarbanka Íslands í Hamraborg og síðan á pósthúsið. Hún kvaðst að jafnaði hafa lagt bifreið sinni á bifreiðastæði við bankann og síðan gengið framhjá heilsugæslunni og áfram á umræddum göngusvölum til suðurs á leið sinni á pósthúsið. Þessa leið hafi hún oft gengið síðastliðin 11 ár. Umræddan morgun hafði hún átt erindi á heilsugæsluna og hitt þar lækni sinn, Hjörtur Þór Hauksson. Hún hafi verið að fara af hans fundi er slysið varð. Hafi hún verið komin nokkra metra út á göngusvalirnar á leið sinni í pósthúsið er hún hafi skyndilega tekist á loft og dottið. Myrkur hafi verið og hún ekki séð hálfu á svölunum. Stefnandi kvaðst hafa getað gert vart við sig með því að banka á glugga heilsugæslunnar og kalla á hjálp. Læknir hennar Hjörtur Þór og hjúkrunarkonan Rhotalind Ingólfssdóttir hafi komið út og veitt henni fyrstu hjálp en síðan hafi sjúkrabíll komið og sótt hana. Fyrir dómi sagði Hjörtur Þór að mikil hálfu hafi verið á göngusvölunum umræddan morgun og hafi hún stafað af leka meðfram niðurfallsrennum frá hæðinni fyrir ofan. Hálkuglæra hafi náð frá húsi og næstum alveg út að handriði. Ómögulegt hafi verið að sjá hálkuna vegna ónógrar lýsingar.

Rhotalind sagði að renna á húsinu hafi lekið og skæni myndast á svölunum. Myrkur hafi verið og því ómögulegt að sjá hálkuna. Aðspurð sagði Rhotalind að hún hafi unnið á heilsugæslustöðinni í þessu húsnæði frá 1980 og hafi engin slys orðið á fólki á svölunum á þessum tíma svo hún viti. Hún sagði jafnframt að hálfu myndaðist alltaf á vetrum annað slagið á þessum svölum. Hafi svo verið bæði fyrir og eftir slysið.

Í lögregluskýrslu 7. desember 1999 segir að hálfu hafi myndast á litlum stað þar sem vatn hafi lekið með niðurfalli frá svölum á næstu hæð fyrir ofan.

Júlíus Jónasson hefur verið formaður húsfélagsins Fannborg nr. 3, 5, 7 og 9, frá 2001. Hann sagði að ráðist hafi verið í nokkrar framkvæmdir utandyra árið 2000 og þá meðal annars skipt um rennur og húsið málað. Er slysið varð hafi ekki verið búið að stofna eitt sameiginlegt húsfélag fyrir öll húsin heldur hafi hver stigagangur verið með sér húsfélag. Á árinu 1997 hafi eitthvað viðhald farið fram á rennum húss nr. 7 og 9.

Við byltuna fór stefnandi úr ökkli á vinstri fæti og brotnaði á ökkla. Á slysadeild Landspítala Háskólasjúkrahúss í Fossvogi þurfti stefnandi að gangast undir aðgerð sama dag og var brotið rétt af og fest með plötu á innanverðum sköflungi og innanverðum sperrilegg ásamt skrúfu. Gifs var fjarlæggt þann 21. janúar 2000 og 4. febrúar 2000 var skrúfa fjarlægð. Eftir þetta hefur stefnandi verið hjá sjúkrahúsi í æfingum og í desember 2001 dvaldist hún á Heilsuhælinu í Hveragerði til að reyna að ná einhverjum bata.

Í örorkumati Júlíusar Valssonar lækni frá 11. júní 2001 segir meðal annars að stefnandi hafi verið hraust og einkennalaus fyrir slysið en eftir það hafi hún talsverð óþægindi frá vinstri ökkli og vinstra legg. Hún sé með verki í ökkliðnum og upp eftir fætinum sem versni við gang og stöður og göngugeta hennar sé takmörkuð. Talsverður þroti og bjúgur sæki á fótinn og þurfi hún að nota sérstakan teygjusokk. Göngugeta hennar sé stórlega skert eftir slysið og einkennin háí henni talsvert í daglegu lífi. Niðurstaða læknisins er sú að tímabundið atvinnutjón stefnanda sé 100% frá 7. desember 1999 til 1. apríl 2000. Varanlegur miski sé 20% en varanleg örorka 30%.

Málinu var skotið til örorkunefndar og í álitinu hennar 25. nóvember 2003 segir meðal annars að greinilegur bjúgur sé yfir vinstri ökkla og stefnandi sé aum við þreifingu bæði yfir ökklanum miðjum og innanverðum. Hún hafi verið í fullu starfi fyrir slysið en eftir slysið hafi hún farið í 50% vinnu. Hún hafi reynt síðar að auka vinnuna í 100% en það ekki gengið og hún farið að vinna 60% vinnu. Þannig hafi hún unnið til áramóta 2002 en þá hafi hún hætt störfum utan heimilis vegna vandamála frá ökkla og astmavandamáls. Hún hafi haft stöðuga verki og óþægindi og lítið álagsspol frá ökklanum. Niðurstaða örorkunefndar er að tímabundið atvinnutjón stefnanda sé 100% frá slysdegi 7. desember 1999 til 1. apríl 2000. Varanlegur miski hennar sé 15% en varanleg örorka 20%.

Að ósk stefnanda voru dómkvaddir sem matsmenn 3. febrúar 2004 þeir Brynjólfur Jónsson bæklunarlæknir og Gísli Einarsson endurhæfingalæknir. Matsgerð þeirra er dagsett 19. janúar 2005 og er niðurstaða hennar að tímabundið atvinnutjón stefnanda sé 100% frá slysdegi til 16. apríl 2000 en 50% frá þeim degi til 7. desember 2000. Varanleg örorka stefnanda sé metin 20% og miski enn fremur 20%.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að líkamstjón hennar megi rekja til stórfellds gáleysis húseiganda og stórfellds vanbúnaðar á fasteigninni.

Vanbúnaður hafi verið á þakrennulögnum hússins og gangvegurinn verið óupplýstur fyrir almenning sem sé ótækt á svo fjölfarinni leið. Vatnslekastraumur hafi frosið þvert yfir gangveginn og myndað hálkubletti og slysaöldru fyrir gesti og gangandi. Þessi aðbúnaður á gangstétt í kringum eignina hafi verið óforsvaranlegur og vítaverður sem stefndi beri fulla og ótakmarkaða skaðabótaábyrgð á. Ábyrgð stefnda sé þeim mun ríkari þar sem svalagangurinn sé eini gangvegurinn fyrir almenna vegfarendur sem leita þurfi eftir þjónustu á heilsugæslustöðina, bókasafnið eða pósthús. Þá þurfi gestir og íbúar hússins að fara um þennan gangveg.

Stefnandi telur stefnda hafa valdið tjóni með saknæmum og ólögætum hætti og tjónið sé sennilega afleiðing af því athafnaleysi stefnda sem vítavörður skortur á viðhaldi fasteignar sé.

Stefnandi kveður útreikning á kröfunni miðast við 9. mars 2005 en matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna hafi veið lögð fram 9. febrúar 2005.

Við útreikning á bótum fyrir varanlega örorku sé miðað við lágmarkstekjur og verðbætur með breytingum skv. lánskjaravísitölu frá gildistöku skaðabótalaga hinn 1. júlí 1993 til stöðuleikapunkts 7. desember 2000. ($1.200.000 \times 3990/3282=1.458.866$)

Þjáningabætur skv. 3. gr. skaðabótalaga

Rúmliggjandi $1300 \times 4733/3282=1.875 \times 7$ 13.125 kr.

Batnandi $700 \times 4733/3282=1.009 \times 124$ 125.116 –

Miski skv. 4. gr. skaðabótalaga

$3.680.000 \times 4733/3282=5.306.959 \times 20\%$ 1.061.392-

1.199.633-

Varanleg örorka skv. 5.-8. gr. skaðabótalaga

$1.458.866 \times 5.622 \times 20\%$ 1.640.349

Örorkubætur frá Tryggingastofnun (422.730) 1.217.619-

Samtals 2.417.252-

II.

Stefndi byggir á því að stefnandi hefði með eðlilegri aðgæslu auðveldlega getað komið í veg fyrir slysið. Hún hafi verið kunn aðstæðum og hafnað sé því að lýsingu hafi verið ábótavant. Stórir gluggar séu á heilsugæslunni fyrir framan þann stað er slysið varð. Þessir gluggar gefi góða birtu. Engin skylda hvíli á húseigendum að lýsa sérstaklega upp gönguleiðir eins og þær sem hér um ræðir.

Samkvæmt vottorði veðurstofu hafi snjór verið yfir öllu og frost þannig að vegfarendur hafi mátt gera ráð fyrir hálkublettum hvar sem var. Umrædd gönguleið sé opin fyrir úrkomu og því geti hálkublettir auðveldlega myndast á henni óháð tilfallandi leka úr rennum hússins. Fyllsta ástæða hafi því verið til að sýna varkárni. Í lögregluskýrslu komi fram að hálka hafi myndast á litlum stað og það hafi gerst nýlega. Því sé skiljanlegt að ekki hafi verið búið að grípa til einhverra ráðstafana vegna hennar. Auk þess séu veðurskilyrði á Íslandi þannig yfir vetrarmánuðina að hálka geti myndast mjög skyndilega og því verði þeir er hér búa alltaf að vera viðbúnir því.

Því er mótmælt að ástand rennanna hafi verið á þann veg að talist geti saknæmur vanbúnaður af hálfu stefndu. Lögð sé áhersla á að útilokað sé að koma í veg fyrir leka af því tagi sem hér um ræðir.

Verði ekki fallist á ofangreind sjónarmið er samt sem áður krafist sýknu á eftirfarandi forsendum. Það húsnæði sem Heilsugæslustöðin í Kópavogi sé í sé 85% eign ríkissjóðs og 15% eign Kópavogskaupstaðar. Þessir aðilar beri því fjárhagslega ábyrgð á rekstri stöðvarinnar þar með talið hugsanlega skaðabótaábyrgð. Heilsugæslustöðin sé opinber stofnun sem stefni til sín fólki til að sinna lögbundinni þjónustu sinni og því hljóti forráðamenn hennar að þurfa að sjá til þess að aðgengi sé forsvaranlegt. Tvímælalaust hvíli ríkari ábyrgð að þessu leyti á forsvarsmönnum heilsugæslunnar en hinum ýmsu eigendum íbúða í húsinu. Sú staðreynd að heilsugæslan sé til húsa þarna leiði óhjákvæmilega til mun meiri umferðar um svæðið en annars væri. Ábyrgð heilsugæslustöðvarinnar ætti því að vera meiri.

Varakröfu sína um lækkun byggir stefndi í fyrsta lagi á því að verði ekki fallist á sýknukröfuna hljóti stefnandi að verða að bera meginhluta tjónsins sjálf vegna eigin sakar.

Útreikningi á tjóni stefnanda er mótmælt af hálu stefnda og því hafnað að hann sé í samræmi við reglur skaðabótalaga. Samkvæmt 7. gr. þeirra laga beri að leggja til grundvallar meðaltalslaunagreiðslur þriggja síðustu ára en það hafi stefnandi ekki gert. Þá standist ekki að tvöfalda árslaun eins og stefnandi geri í aðalkröfu sinni en hún hafi unnið fullt starf utan heimilis á þessum tíma. Leggja beri til grundvallar lágmarkslaun.

Stefndi mótmælir tímabundnu tjóni og telur það ósannað. Í kröfugerð stefnanda sé ekki heldur tekið tillit til aldurs stefnanda eða bóta sem hún kann að hafa fengið. Loks mótmælir stefndi dráttarvaxtakröfu stefnanda en engin krafa hafi verið gerð af hálfu stefnanda fyrr en stefna var birt í þessu máli 19. desember 2001.

III.

Óumdeilt er að Fannborg 3, 5, 7 og 9 telst eitt fjöleignarhús í skilningi laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús og er þar starfrækt húsfélag. Formaður þess húsfélags kom fyrir dóm og staðfesti tilvist og starfsemi félagsins.

Slysið varð 7. desember 1999 um klukkan 10:00 um morgun. Lögregla fór á vettvang og í skýrslu hennar segir að stefnandi hafi dottið á litlum hálkubletti sem hafi myndast á göngusvölunum vegna leka frá vatnsrennu. Í málinu hafa verið lagðar fram ljósmyndir er teknar voru á vettvangi tveimur dögum eftir slysið og dómari fór á vettvang og skoðaði aðstæður fyrir aðalmeðferð. Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var þíða daginn áður og um nóttina en tók að frysta undir morgunn þann 7. desember. Jörð var þá alþakin jafnfallinni lausamjöll.

Fram hefur komið að stefnandi var að fara sína venjulegu leið sem hún hafði margoft farið um ellefu ára skeið á vegum vinnu sinnar. Þá fór hún í Búnaðarbanka Íslands og á pósthúsið og lagði að jafnaði bifreið sinni hjá bankanum og gekk síðan á pósthúsið. Þá lá leið hennar framhjá anddyri Heilsugæslunnar í Kópavogi og til suðurs meðfram húsinu á hinum umræddu göngusvölum þar sem slysið varð. Í þetta skipti átti hún erindi á heilsugæsluna. Er því erindi lauk gekk hún út á göngusvalirnar til suðurs og hafði ekki gengið lengi meðfram húsinu er hún féll með fyrrgreindum afleiðingum. Hún sagðist ekki hafa séð hálkuna og engin sérstök lýsing var þá á þessari leið. Steyptur handriðsveggur er á göngusvölunum. Vitnin tvö, Hjörtur Þór Hauksson og Rhotalind Ingólfssdóttir, sögðu að myrkur hafi verið og ómögulegt að sjá hálkuna. Rhotalind sagði jafnframt að engin slys hafi áður orðið á fólki á þessum stað svo hún viti en hún hafði starfað hjá heilsugæslunni í þessu húsi frá árinu 1980. Hún sagði að hálka myndaðist alltaf annað slagið á göngusvölunum yfir vetrarmánuðina. Komið hefur fram að núna er þessi leið upplýst.

Við mat á bótaábyrgð verður að taka tillit til að stefnandi hafði margoft farið þessa leið og gjörþekkti því aðstæður. Þó lekið hafði frá vatnsrennu og hálka vegna þess myndast voru það svipaðar aðstæður og við mátti búast utandyra í desember en umræddar göngusvalir standa opnar fyrir veðri. Getur rignt og snjóað á svalirnar eins og á öðrum gönguleiðum utandyra. Ekki er í ljós leitt að stefndu hafi mátt vita af einhverri sérstakri slyshættu á göngusvölunum. Það er því mat dómsins að aðstæður hafi ekki verið með þeim hætti að lögð verði bótaskylda á stefndu. Verður talið að rekja megi tjón stefnanda til óhappatilviks.

Stefndi verður því sýknaður af kröfum stefnanda í málinu.

Stefnandi hefur gjafsókn í málinu. Gjafsóknarkostnaður hennar, sem er þóknun lögmanns hennar, Benedikts Ólafssonar hrl., 218.547 að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ:

Stefndi, Húsfélagið Fannborg 3, 5, 7 og 9, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í þessu máli.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, samtals að fjárhæð 218.547, krónur greiðist úr ríkissjóði.

Gunnar Aðalsteinsson